

Hagur og heilbrigði 2013

Economy and health 2013

Samantekt Íslendingar telja heilsufar sitt almennt gott, en Ísland var í sjötta sæti Evrópuþjóða við mat á eigin heilsufari. Fleiri íslenskir karlar en konur telja að þeir búi við góða heilsu.

Íslendingar telja tannlæknisþjónustu dýra miðað við aðrar Evrópuþjóðir. Ísland var í fjórða sæti Evrópuþjóða eftir því hversu margir slepptu því að fara til tannlæknis sökum kostnaðar en þurftu eigi að síður á slíkri þjónustu að halda. Lettar voru með hæsta hlutfallið en þar á eftir komu Portúgalar og Rúmenar.

Ísland var með sjötta hæsta hlutfall þeirra sem slepptu lækniþjónustu sökum kostnaðar. Lettland, Rúmenía og Grikkland voru þau þrjú lönd þar sem flestir slepptu lækniheimsókn af sömu ástæðu.

Þeim sem slepptu heimsókn til tannlæknis sökum kostnaðar fjölgaði hér á landi eftir árið 2008. Fjölgunin varð í öllum tekjufimmtingum en hún var meiri eftir því sem tekjur voru lægri.

Hlutfall fólks sem slepti lækniheimsókn vegna kostnaðar hækkaði á árabílinu 2009 til 2012 en lækkaði milli áráanna 2012 og 2013.

Inngangur

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri rannsókn ESB, EU-SILC.

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC) og byggist á alþjóðlegum skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við lífskjararannsóknir í öðrum Evrópulöndum. Í þessari útgáfu er horft til aðgengis að heilbrigðisþjónustu og það greint eftir fjárhagsstöðu. Sömu viðmið eru notuð og hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) beitir við útreikninga á þessum þáttum.

Upplýsingum um heilsufar er safnað með spurningakönnun en tekjuupplýsingar eru fengnar úr skrá skattsins. Ráðstöfunartekjur eru samanlagðar heildartekjur allra heimilismanna að meðtöldum félagslegum greiðslum. Í kaflanum *Skýringar og hugtök* má sjá skilgreiningar hugtaka sem koma við sögu í heftinu. Allt talnaefni sem tengist þessum Hagtíðindum er á vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.


Heilsufar á Íslandi samanborið við aðrar Evrópuþjóðir

77% Íslendinga meta heilsufar sitt gott. Karlar meta heilsufar sitt betra en konur gera

Þegar Íslendingar voru spurðir hversu gott eða slæmt þeir meta heilsufar sitt töldu tæp 77% heilsufarið vera gott eða mjög gott. Karlar mátu heilsufar sitt heldur betra en konur gerðu því 79,5% þeirra töldu sig vera við góða eða mjög góða heilsu en 74,1% kvenna gáfu eigin heilsufari sömu einkunn.

Mynd 1. Gott eða mjög gott heilsufar eftir kyni

Figure 1. Good or very good health by sex



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: Heildartala þeirra sem mátu heilsufar sitt gott eða mjög gott $\pm 1,5$, karlar $\pm 2,1$, konur $\pm 2,2$. CI (95%) 2013: Total evaluating their health as good or very good $\pm 1,5$, males $\pm 2,1$, females $\pm 2,2$.


Heilsufar á Íslandi

Ísland var í sjötta sæti þegar Evrópuþjóðum var raðað eftir því hversu gott þjóðirnar meta heilsufar sitt

Þegar mat Íslendinga á eigin heilsufari er borið saman við mat annarra þjóða kemur í ljós að Íslendingar meta heilsufar sitt fremur gott því þeir voru í sjötta sæti á lista Evrópuþjóða yfir mat á eigin heilsufari. Írar mátu heilsufar sitt best en 83% þeirra töldu sig vera við góða eða mjög góða heilsu. Næstu lönd voru Sviss, Svíþjóð og Noregur. Litháen var það land sem mat heilsufar sitt verst en 44% Litháa töldu sig vera við góða eða mjög góða heilsu. Næstu lönd fyrir ofan voru Króatía, Lettland og Portúgal.

Mynd 2. Gott eða mjög gott heilsufar eftir Evrópulöndum árið 2012

Figure 2. Good or very good health by European countries in 2012



Heimild Source: Eurostat.

Aðgengi að heilbrigðisþjónustu í Evrópulöndum

Íslendingar fjórðu líklegastir til að sleppa tannlækni vegna þess að hann er of dýr


Í lífshjúðarannsókninni er spurt hvort fólk hafi sleppt því að fara til tannlæknis þótt það hafi þurft á þjónustunni að halda. Í framhaldinu er spurt um ástæðu þess að ekki varð af heimsókninni. Sambærilegar spurningar eru um aðrar læknisheimsóknir. Nýjustu samanburðarhæfu upplýsingarnar úr lífshjúðarannsókninni eru fyrir árið 2012. Þær sýna að Ísland var meðal þeirra landa sem þar sem hæst hlutfall fólks sleppti heimsókn til tannlæknis þótt það hefði þurft á henni að halda.

Aðeins Lettar, Portúgalir og Rúmenar eru líklegri en Íslendingar til að sleppa tannlæknisþjónustu vegna kostnaðar

Árið 2012 slepptu 10% Íslendinga tannlæknisheimsókn af því að hún var of dýr og 2,6% slepptu henni af öðrum ástæðum. Hæsta hlutfallið sem sleppti tannlæknisheimsókn vegna kostnaðar var í Lettlandi 17,3%, þar á eftir var Portúgal 13,7% og Rúmenía var í þriðja sæti með 10,2%. Slóvenía, Finnland og Holland voru þær þjóðir þar sem færst slepptu tannlæknisþjónustu vegna kostnaðar, færri en 1%.

Mynd 3. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum eftir Evrópulöndum árið 2012

Figure 3. People who did not visit the dentist because it was too expensive or for other reasons by European countries in 2012



Heimild Source: Eurostat.


Súlurnar í mynd 3 sýna hlutfall fólks sem sleppti tannlæknisheimsókn þótt það hefði þurft á henni að halda. Dökki hlutinn sýnir hlutfallið sem sleppti heimsókn-

inni vegna kostnaðar en ljósi hlutinn sýnir hlutfallið sem sleppti heimsókn vegna annarra ástæðna (skýring 5).

Sambærilegar spurningar voru spurðar um aðra lækniþjónustu. Þegar Evrópuþjóðunum 31 var raðað frá þeirri sem var líklegust til að sleppa lækniheimsókn vegna kostnaðar til þeirrar sem var ólíklegust varð Ísland í sjötta sæti með 3,7%. Efst á listanum var Lettland með 10,4% en þar á eftir komu Grikkland og Rúmenía með 9,6% og 6,5%. Neðstar á listanum voru Slóvenía, Finnland og Bretland með 0,0%, 0,1% og 0,1%. Þegar aðrar ástæður þess að fólk sleppti lækniheimsókn eru skoðaðar lenti Ísland í miðjum hópi Evrópuþjóða. Athygli vekur að Svíþjóð var það land þar sem fólk sleppti helst lækniheimsókn vegna annarra ástæðna en kostnaðar, 11,1%, þar á eftir komu Pólland, 10,6% og Eistland, 9,1%. Helsta ástæðan sem Svíar nefndu fyrir því að þeir hefðu ekki farið til lækni var að þeir vildu bíða og sjá hvort vandinn lagaðist ekki af sjálfu sér, 5,4%.

Mynd 4. Fólk sem sleppti lækniheimsókn sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum eftir Evrópulöndum árið 2012

Figure 4. People who skipped a doctor visit because it was too expensive or for other reasons by European countries in 2012




Heimild Source: Eurostat.

Aðgengi að heilbrigðisþjónustu á Íslandi

Þegar aðgengi að tannlæknisþjónustu á Íslandi er skoðað nánar kemur í ljós að á síðari árum hefur hlutfall þeirra hækkað sem slepptu heimsókn vegna kostnaðar. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra lækkað sem slepptu heimsókn til tannlæknis vegna annarra ástæðna. Hlutfall þeirra sem slepptu tannlæknisheimsókn vegna kostnaðar var 5,6% árið 2008 en tvöfalt hærra árið 2013 eða 11,1%.

Mynd 5. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum

Figure 5. People who did not visit the dentist because it was too expensive or for other reasons




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: Sleppti tannlækni vegna kostnaðar $\pm 1,2$ og sleppti tannlækni vegna annarra ástæðna $\pm 0,5$. CI (95%) 2013: Did not visit the dentist because it was too expensive ± 1.2 and did not visit the dentist because of other reasons ± 0.5 .

Af mynd 6 á næstu síðu má sjá að því lægri sem tekjurnar voru því líklegra var að viðkomandi hefði sleppti tannlæknisheimsókn þótt hann hafi þurft á henni að halda. Árið 2013 slepptu 19,2% í lægsta tekjufimmtungi tannlæknisheimsókn, 13,3% í miðfimmtungi og 6,8% í lægsta tekjufimmtungi. Í lægsta tekjufimmtungi slepptu flestir læknisheimsókn árið 2011 eða 21,6%.

Mynd 6. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn eftir tekjufimmtungum

Figure 6. People who did not visit the dentist by income quintiles




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: 0-20% $\pm 3,2$, 40-60% $\pm 2,8$ og 80-100% $\pm 2,1$. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miða ártölin í töflunni við það ár sem lífskjárannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. CI (95%) 2013: 0-20% $\pm 3,2$, 40-60% $\pm 2,8$ og 80-100% $\pm 2,1$. According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Þegar eingöngu er horft á þá sem slepptu tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar má sjá að fjöldi þeirra sem sleppti heimsókn hefur vaxið frá árinu 2008. Þessi áhrif má sjá í öllum tekjufimmtungum. Árið 2013 slepptu 17,7% í lægsta tekjufimmtungi tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar en 9,6% árið 2008.

Mynd 7. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar eftir tekjufimmtungum

Figure 7. People who did not visit the dentist because of expense by income quintiles




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: 0-20% $\pm 3,1$, 40-60% $\pm 2,6$ og 80-100% $\pm 1,8$. CI (95%) 2013: 0-20% $\pm 3,1$, 40-60% $\pm 2,6$ og 80-100% $\pm 1,8$.

Þegar aðrar læknisheimsóknir eru skoðaðar má sjá svipað mynstur og í tannlæknisheimsóknnum. Hlutfallið sem sleppir heimsókn vegna kostnaðar hefur farið hækkandi frá árinu 2008 en lækkar þó milli árána 2012 og 2013 úr 3,7% í 2,9%.

Mynd 8. Fólk sem sleppti lækniheimsókn sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum


Figure 8. People who did not visit the doctor because it was too expensive or for other reasons



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: Sleppti lækni vegna kostnaðar $\pm 0,6$ og sleppti lækni vegna annarra ástæðna $\pm 0,7$. CI (95%) 2013: Did not visit the doctor because it was too expensive ± 0.6 and did not visit the doctor because of other reasons ± 0.7 .

Mynd 9. Fólk sem sleppti lækniheimsókn eftir tekjufimmtungum

Figure 9. People who did not visit the doctor by income quintiles




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: 0-20% $\pm 2,6$, 40-60% $\pm 2,0$ og 80-100% $\pm 1,6$. CI (95%) 2013: 0-20% $\pm 2,6$, 40-60% $\pm 2,0$ og 80-100% $\pm 1,6$.

Á mynd 9 má sjá að árið 2013 slepptu 12% fólks í tekjulægsta fimmtungi lækniheimsókn en 4,1% í þeim tekjuhæsta. Á mynd 10 er eingöngu litið til þeirra sem slepptu lækniheimsókn vegna kostnaðar og þá var hlutfallið 6% í lægsta tekjufimmtungi, 0,6% í þeim hæsta. Í tekjulægsta fimmtungi hefur hlutfall þeirra sem sleppti lækniheimsókn vegna kostnaðar hækkað mjög frá árinu 2008 og fór úr 2,4% í 6,8% á árabílinu 2008 til 2011. Einnig má sjá nokkra aukningu hjá miðju hópnum eftir árið 2008 en áhrifin í tekjuhæsta hópnum eru lítil. Athygli vekur að þeim sem slepptu lækniheimsókn vegna kostnaðar fækkaði í öllum tekjuhópnum milli ára 2012 og 2013.

Mynd 10. Fólk sem sleppti lækniheimsókn sökum kostnaðar eftir tekjufimmtungum

Figure 10. People who did not visit the doctor because of expense by income quintiles



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: 0-20% $\pm 1,9$, 40-60% $\pm 1,2$ og 80-100% $\pm 0,6$. CI (95%) 2013: 0-20% $\pm 1,9$, 40-60% $\pm 1,2$ og 80-100% $\pm 0,6$.

Úrtak

Svarhlutfall var 73% og svör fengust frá 8.913 einstaklingum á 3.020 heimilum árið 2013

Úrtak lífsskjararannsóknarinnar 2013 var 4.407 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.126 heimili. Svör fengust frá 3.020 þessarra heimila sem er 73% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.913 einstaklinga. Lífsskjararannsóknin var framkvæmd 11. febrúar til 2. maí árið 2013.

Skýringar og hugtök

1. Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2) og reglubundnum greiðslum frá öðrum heimilum. Húsaleigubætur og vaxtabætur teljast þó ekki til ráðstöfunartekna í þeirri skilgreiningu sem notast er við í þessu hefti þar sem þessir liðir dragast frá húsnæðiskostnaði. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.

2. Félagslegar greiðslur

Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.

3. Öryggisbil

Lífsskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þess öryggisbils sem gefið er upp. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort

munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.

4. Könnunarár og tekjuár

Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við framkvæmd Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár, það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur og afborganir vaxta og verðbóta eru úr skattskrá ársins á undan.

*5. Aðrar ástæður þess að fólk
fór ekki til læknis eða
tannlæknis þótt það hafi þurft á
því að halda*

Hér eru listaðar upp þær ástæður sem fólk nefndi fyrir því að það leitaði ekki til læknis eða tannlæknis þótt það hafi þurft á því að halda.

- 1: Hafði ekki efni á því (of dýrt)
- 2: Biðlisti
- 3: Hafði ekki tíma vegna vinnu eða persónulegra mála
- 4: Of langt ferðalag eða skortur á samgöngum
- 5: Ótti við tannlækna, lækna, spítala, lækni meðferð eða skoðun
- 6: Vildi bíða og sjá hvort vandamálið lagaðist af sjálfu sér
- 7: Vissi ekki um góðan lækni eða sérfræðing
- 8: Aðrar ástæður

Íslendingar meta heilsufar sitt almennt séð sem gott því Ísland var í sjötta sæti þegar Evrópuþjóðum var raðað eftir mati á eigin heilsufari. Á Íslandi meta karlar almennt séð heilsufar sitt betra en konur.

English summary

Indicators on health perception in Iceland and other European countries are retrieved from the European survey of income and living conditions (EU-SILC) which provides comparable information between countries of Europe.

Iceland ranked number four among European nations regarding people who did not visit the dentist because it was too expensive even though they needed the service. In Iceland 10% skipped a dental visit because it was too expensive. Latvia had the highest percent of people skipping a dental visit they needed because of expenses, 17.3%, followed by Portugal, 13.7% and Romania 10.2%.

Iceland had the sixth highest percent of people skipping a doctor's visit they needed because it was too expensive, 3.7%. Latvia, Romania and Greece had the highest percent, 10.4%, 9.6% and 6.5%, respectively.

In Iceland the percent of those who skipped a visit to the dentist because of expenses increased after the year 2008. The increase was in all income quintiles but the lower the income the higher the increase.

The percent of people who skipped a doctor's visit because of expenses increased between the years 2009 and 2012 but decreased between 2012 and 2013.

Tafla 1. Gott eða mjög gott heilsufar eftir kyniTable 1. *Good or very good health by sex*

	Hlutfall <i>Percent</i>										2013	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i>
	Alls <i>Total</i>	78,6	79,5	80,9	79,2	80,6	80,3	77,8	77,8	76,9	76,8	± 1,5
Karlar <i>Males</i>	82,0	82,3	82,3	82,6	82,4	81,8	79,5	79,4	79,0	79,5	± 2,1	93.600
Konur <i>Females</i>	75,1	76,7	79,6	75,8	78,8	78,7	76,2	76,1	74,8	74,1	± 2,2	88.100

Tafla 2. Gott eða mjög gott heilsufar eftir EvrópulöndumTable 2. *Good or very good health by European countries*

Hlutfall <i>Percent</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Austurríki <i>Austria</i>	71,2	71,7	72,0	72,3	69,6	70,0	69,5	69,4	70,0
Belgía <i>Belgium</i>	73,4	73,1	74,3	74,0	73,9	73,5	73,0	73,5	74,3
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	74,8	76,6	77,4	79,2	78,3	79,4	77,5	74,7
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	60,5	61,8	62,2	65,2	67,2	67,1	66,6
Danmörk <i>Denmark</i>	77,6	76,6	75,0	75,3	74,1	72,3	71,0	70,8	70,8
Eistland <i>Estonia</i>	49,8	53,8	53,3	53,3	54,5	51,5	52,7	51,8	52,4
Finnland <i>Finland</i>	69,1	68,5	68,7	68,3	68,6	68,9	68,3	68,9	67,1
Frakkland <i>France</i>	67,6	68,7	69,2	71,1	69,1	68,6	67,3	67,6	68,1
Grikkland <i>Greece</i>	77,6	77,4	76,6	76,5	76,0	75,4	75,5	76,4	74,8
Holland <i>Netherlands</i>	•	76,2	76,8	76,3	77,3	77,7	78,0	76,3	75,6
Írland <i>Ireland</i>	82,8	82,7	83,2	84,0	84,3	83,1	82,8	83,1	83,1
Ísland <i>Iceland</i>	78,7	79,4	81,0	79,1	80,5	80,2	77,7	77,7	76,9
Ítalía <i>Italy</i>	57,4	58,1	56,9	63,4	63,5	63,8	66,8	64,7	68,4
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	46,5	45,0	47,2
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	75,0	76,0	76,7	76,5	75,6	74,3	75,6	77,1
Lettland <i>Latvia</i>	•	34,8	41,3	41,7	44,5	47,5	49,1	46,8	47,6
Litháen <i>Lithuania</i>	•	42,4	43,3	48,6	48,3	49,6	51,9	43,9	44,3
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	72,3	73,7	74,2	74,4	74,0	74,0	75,2	72,5	73,8
Malta <i>Malta</i>	•	70,7	74,5	74,3	74,1	69,2	68,1	70,8	73,7
Noregur <i>Norway</i>	73,9	77,0	74,4	76,4	76,6	76,5	76,7	73,2	78,8
Portúgal <i>Portugal</i>	45,3	45,8	48,0	45,8	48,3	47,7	49,1	49,7	48,1
Pólland <i>Poland</i>	•	54,3	54,5	56,8	57,7	56,1	57,8	57,6	57,7
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	68,9	69,3	70,2	70,7	69,4	70,3
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	53,6	56,3	57,8	58,8	59,7	59,6	60,4	63,1
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	52,0	52,0	52,9	59,5	61,9	63,6	63,2	65,6
Spánn <i>Spain</i>	64,6	66,9	67,9	67,4	72,8	71,1	71,9	75,1	74,3
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	81,2	80,8	81,5	81,2	81,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	71,7	75,6	75,9	77,6	78,5	79,7	80,0	79,9	81,1
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	58,9	59,2	61,2	61,4	61,3	62,2	59,5	60,4
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	45,3	48,1	46,6	55,1	55,9	55,0	55,9	57,6
Þýskaland <i>Germany</i>	•	60,1	60,5	59,8	64,4	65,1	65,2	64,8	65,3
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	64,2	64,7	65,9	67,6	67,4	68,3	68,0	68,3
Evrusvæðið <i>EURO (17)</i>	•	•	•	•	•	•	68,2	67,9	68,2

Heimild *Source*: Eurostat.

Tafla 3. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar eftir Evrópulöndum
Table 3. People who did not visit the dentist because it was too expensive European countries

Hlutfall <i>Percent</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Austurríki <i>Austria</i>	1,2	0,8	0,7	1,0	1,5	0,9	1,6	1,1	1,2
Belgía <i>Belgium</i>	2,2	1,7	1,2	1,2	1,6	1,3	1,4	2,9	2,6
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	0,7	0,8	0,5	0,7	0,6	0,5	0,5	2,1
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	22,1	22,1	15,7	12,2	11,0	10,1	8,7
Danmörk <i>Denmark</i>	2,4	2,5	2,1	2,8	1,2	2,4	2,4	2,9	3,1
Eistland <i>Estonia</i>	12,6	13,1	11,1	10,9	7,5	4,3	5,3	7,5	7,6
Finnland <i>Finland</i>	2,2	3,2	1,9	1,0	1,4	0,6	0,5	0,3	0,5
Frakkland <i>France</i>	3,7	3,4	3,0	3,3	3,9	4,4	4,4	4,3	4,8
Grikkland <i>Greece</i>	4,1	4,9	5,0	5,1	5,6	5,7	5,6	6,8	6,9
Holland <i>Netherlands</i>	•	1,5	0,9	0,9	0,5	0,6	0,8	0,9	0,9
Írland <i>Ireland</i>	2,0	2,1	1,9	1,9	1,6	2,1	3,5	5,0	5,0
Ísland <i>Iceland</i>	7,2	6,7	5,9	6,2	5,6	7,1	9,4	11,2	10,0
Ítalía <i>Italy</i>	6,6	6,5	6,1	5,8	7,2	6,5	6,7	8,9	8,1
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	2,6	1,8	1,4
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	6,0	6,0	6,3	4,6	5,7	7,4	8,0	7,2
Lettland <i>Latvia</i>	•	22,2	16,8	15,0	11,6	12,9	17,7	20,2	17,3
Litháen <i>Lithuania</i>	•	8,9	9,7	5,5	4,0	3,0	2,3	2,8	3,7
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	0,6	0,5	0,6	0,6	0,6	0,5	0,9	1,0	1,1
Malta <i>Malta</i>	•	1,4	1,4	0,9	0,8	1,6	1,2	1,3	1,3
Noregur <i>Norway</i>	5,4	6,1	5,5	4,4	4,3	5,3	4,4	4,2	4,2
Portúgal <i>Portugal</i>	8,0	8,6	8,6	2,8	7,2	11,6	11,2	9,0	13,7
Pólland <i>Poland</i>	•	9,7	7,8	6,1	3,9	3,9	4,0	4,2	4,1
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	14,0	11,2	11,5	10,8	11,8	10,2
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	4,1	3,2	1,7	1,1	1,0	1,5	1,5	1,7
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	0,2	0,3	0,1	0,2	0,3	0,5	0,4	0,3
Spánn <i>Spain</i>	7,0	4,2	3,4	3,1	3,5	4,1	4,6	3,7	6,5
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	4,9	4,7	4,2	4,4	4,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	5,7	6,2	7,3	5,3	6,0	5,4	4,2	4,7	4,1
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	0,5	0,6	0,4	0,7	0,6	0,8	0,8	1,1
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	7,0	4,5	4,4	3,8	3,3	3,2	4,4	4,7
Þýskaland <i>Germany</i>	•	6,7	4,9	4,0	2,6	2,5	2,1	2,0	1,7
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	5,6	4,9	4,3	4,0	4,1	4,1	4,3	4,6
Evrusvæðið <i>EURO (17)</i>	•	•	•	•	•	•	4,1	4,3	4,6

Heimild *Source:* Eurostat.

Tafla 4. Fólk sem sleppti læknisheimsókn sökum kostnaðar eftir Evrópulöndum

Table 4. People who did not visit a doctor visit because it was too expensive European countries

Hlutfall <i>Percent</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Austurríki <i>Austria</i>	0,4	0,3	0,4	0,4	0,5	0,3	0,5	0,3	0,3
Belgía <i>Belgium</i>	1,3	0,7	0,4	0,3	0,5	0,6	0,4	1,4	1,6
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	0,1	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0	0,1	0,1
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	16,4	15,4	11,6	7,4	7,1	7,1	5,9
Danmörk <i>Denmark</i>	0,1	0,1	0,2	0,2	0,0	0,1	0,3	0,1	0,3
Eistland <i>Estonia</i>	3,7	3,3	2,7	1,4	0,9	0,8	0,7	1,0	0,9
Finnland <i>Finland</i>	1,1	1,8	1,0	0,3	0,5	0,2	0,2	0,0	0,1
Frakkland <i>France</i>	1,4	1,3	1,3	1,2	1,6	1,6	1,7	1,9	1,9
Grikkland <i>Greece</i>	3,1	3,2	4,5	4,6	4,2	4,0	4,2	6,2	6,5
Holland <i>Netherlands</i>	•	0,2	0,1	0,1	0,0	0,1	0,1	0,1	0,2
Írland <i>Ireland</i>	1,2	1,3	1,2	1,4	1,2	1,1	1,6	1,5	1,5
Ísland <i>Iceland</i>	•	•	0,8	1,5	1,2	1,7	2,5	3,4	3,7
Ítalía <i>Italy</i>	3,6	3,4	3,0	3,2	3,9	3,9	3,6	5,1	4,9
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	2,7	2,2	1,4
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	3,0	3,0	3,5	2,7	3,3	3,7	4,2	3,4
Lettland <i>Latvia</i>	•	16,4	11,2	8,2	6,7	7,8	13,2	14,4	10,4
Litháen <i>Lithuania</i>	•	4,0	4,7	1,8	1,7	0,7	0,8	0,9	0,5
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	0,3	0,2	0,2	0,3	0,5	0,4	0,4	0,4	0,5
Malta <i>Malta</i>	•	1,1	1,4	0,7	0,5	1,1	1,3	0,8	0,9
Noregur <i>Norway</i>	0,5	0,5	0,4	0,4	0,2	0,2	0,4	0,3	0,3
Portúgal <i>Portugal</i>	3,5	3,7	3,4	9,2	0,9	2,8	1,6	1,3	2,6
Pólland <i>Poland</i>	•	6,8	5,6	3,9	2,6	2,7	3,2	3,4	3,5
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	11,3	9,7	7,8	9,8	10,9	9,6
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	2,6	2,1	0,8	0,5	0,6	0,7	0,8	0,9
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	0,2	0,0	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0	0,0
Spánn <i>Spain</i>	0,5	0,4	0,2	0,0	0,1	0,2	0,2	0,4	0,4
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	1,0	0,9	1,0	0,7	0,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	0,5	0,5	0,9	0,5	0,6	0,4	0,4	0,4	0,4
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	0,4	0,2	0,1	0,3	0,3	0,3	0,5	0,4
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	2,7	1,5	1,9	2,4	1,5	1,2	2,2	2,4
Þýskaland <i>Germany</i>	•	7,3	4,2	2,8	1,6	1,3	1,1	0,9	0,8
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	3,7	2,9	2,6	2,1	1,9	2,0	2,3	2,2
Evrusvæðið <i>EURO (17)</i>	•	•	•	•	•	•	2,0	2,3	2,2

Heimild Source: Eurostat.

Tafla 5. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðum

Table 5. People who did not visit the dentist because it was too expensive or for other reasons

	Hlutfall <i>Percent</i>											2013	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>	
Slepti tannlækni sökum kostnaðar <i>Did not visit dentist because it was expensive</i>													
	7,2	6,7	5,8	6,2	5,6	7,1	9,3	11,2	10,0	11,1	± 1,2	26.200	
Slepti tannlækni af öðrum ástæðum <i>Did not visit dentist for other reasons</i>													
	6,5	7,6	8,2	4,7	4,4	3,5	2,8	2,5	2,6	2,0	± 0,5	4.700	

Tafla 6. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn eftir tekjufimmtungumTable 6. *People who did not visit the dentist by income quintiles*

											2013	
	Hlutfall <i>Percent</i>										Vik- mörk	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	CI	number
Alls Total	13,7	14,3	14,1	10,9	10	10,6	12,2	13,8	12,5	13,1	± 1,2	30.900
0–20%	17,1	15,9	17,1	16,5	15,7	17,1	20,1	21,6	16,7	19,2	± 3,2	9.100
20–40%	13,3	17,8	17,4	12,6	13,7	12,5	13,7	17,5	16	17,2	± 3,1	8.200
40–60%	15,2	14,2	16,8	11,6	9,2	10,1	12,8	12,7	13,6	13,3	± 2,8	6.300
60–80%	12,1	14,1	11,1	9,1	6,4	8,9	8,9	10,4	9,2	8,8	± 2,3	4.200
80–100%	10,7	9,5	8,0	4,9	4,9	4,6	5,5	6,6	7,2	6,8	± 2,1	3.200

Tafla 7. Fólk sem sleppti tannlæknisheimsókn sökum kostnaðar eftir tekjufimmtungumTable 7. *People who did not visit the dentist because of expenses by income quintiles*

											2013	
	Hlutfall <i>Percent</i>										Vik- mörk	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	CI	number
Alls Total	7,2	6,7	5,8	6,2	5,6	7,1	9,3	11,2	10	11,1	± 1,2	26.200
0–20%	10	10,1	9,5	10,5	9,6	12,4	15,5	19,2	14,6	17,7	± 3,1	8.400
20–40%	8,5	9,7	7,7	8,3	9,4	10,3	11,5	15	12,9	15,2	± 2,9	7.200
40–60%	8,5	6,3	6,7	6,2	4,2	5,8	10,1	10,2	10,8	11,2	± 2,6	5.300
60–80%	5,6	4,9	3,9	5,3	3,4	4,8	6,6	6,7	7,1	6,4	± 2,0	3.000
80–100%	3,5	2,5	1,4	0,8	1,4	2,3	3,1	4,8	4,5	4,8	± 1,8	2.300

Tafla 8. Fólk sem sleppti lækniheimsókn sökum kostnaðar eða af öðrum ástæðumTable 8. *People who did not visit the doctor because of expense or for other reasons*

											2013	
	Hlutfall <i>Percent</i>										Vik- mörk	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	CI	number		
Sleppti tannlækni sökum kostnaðar												
<i>Did not visit dentist because it was expensive</i>		0,8	1,5	1,2	1,7	2,5	3,4	3,7	2,9	± 0,6	6.900	
Sleppti tannlækni af öðrum ástæðum												
<i>Did not visit dentist for other reasons</i>		3,0	5,9	4,6	5,0	4,5	4,0	3,6	4,2	± 0,7	10.000	

Tafla 9. Fólk sem sleppti lækniheimsókn eftir tekjufimmtungumTable 9. *People who did not visit the doctor by income quintile*

									2013	
	Hlutfall <i>Percent</i>								Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	<i>CI</i>	<i>Estimated number</i>
Alls Total	3,8	7,4	5,8	6,7	7,1	7,4	7,3	7,2	± 0,9	17.000
0–20%	4,0	11,0	9,2	10,8	10,6	11,2	10,7	12	± 2,6	5.700
20–40%	5,0	7,5	6,5	7,3	6,7	7,8	7,9	8,3	± 2,2	3.900
40–60%	4,3	5,8	5,8	6,3	5,3	7,4	8,3	6,7	± 2,0	3.100
60–80%	3,9	7,0	4,6	5,0	8,4	6,2	5,5	4,9	± 1,8	2.300
80–100%	1,9	5,7	2,8	4,2	4,5	4,5	4,2	4,1	± 1,6	1.900

Tafla 10. Fólk sem sleppti lækniheimsókn sökum kostnaðar eftir tekjufimmtungumTable 10. *People who did not visit the doctor because of expense by income quintiles*

									2013	
	Hlutfall <i>Percent</i>								Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	<i>CI</i>	<i>Estimated number</i>
Alls Total	0,8	1,5	1,2	1,7	2,5	3,4	3,7	2,9	± 0,6	6.900
0–20%	1,2	3,0	2,4	3,6	4,9	6,8	6,6	6,0	± 1,9	2.900
20–40%	1,1	2,2	1,7	2,5	2,3	4,4	3,8	4,5	± 1,7	2.100
40–60%	0,9	1,1	0,4	1,1	2,3	2,5	4,3	2,2	± 1,2	1.100
60–80%	0,8	0,9	0,7	0,7	2,6	1,7	2,2	1,2	± 0,9	600
80–100%	0,0	0,2	0,5	0,5	0,7	1,5	1,7	0,6	± 0,6	300

Hagtiðindi Heilbrigðis-, félags- og dómssál
Statistical Series Health, social affairs, justice

99. árg. • 18. tbl.

2014:2

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4681 (rafræn útgáfa *PDF*)Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • laurus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandBréfasími *Fax* +(354) 528 1099Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*